

Lykilupplýsingaskjal

Tilgangur

Þetta skjal veitir þér lykilupplýsingar um þessa fjárfestingarvöru. Ekki er um að ræða markaðsefni. Upplýsingarnar eru áskildar samkvæmt lögum til þess að hjálpa þér að skilja eðli, áhættu, kostnað, mögulegan hagnað og tap af þessari vöru og til að hjálpa þér að bera hana saman við aðrar vörur.

Vara

Heiti: Framtíðarsamningur um gull („**varan**“)
Dreifingaraðili: Coinbase Financial Services Europe Ltd, kýpverskt fjárfestingafyrirtæki með leyfi og undir eftirliti kýpverska verðbréfa- og kauphallareftirlitsins með leyfisnúmer 374/19 („**CBFSE**“) sem er dótturfélag Coinbase Global Inc. og hluti af Coinbase-samstæðunni
Samskiptaupplýsingar: Vefslóð: www.coinbase.com/cbfse Hringdu í +357 25262181 til að fá frekari upplýsingar
Lögbært stjórnvald: Kýpverska verðbréfa- og kauphallareftirlitið, 27 Diagorou Str. CY-1097, Nicosia, Kýpur.

Dagsetning gerðar þessa lykilupplýsingaskjals: 6. maí 2026

Þú ert að fara að kaupa vöru sem er ekki einföld og gæti verið erfitt að skilja.

Hvað er þessi vara?

Tegund:

Framtíðarsamningur sem gerður er upp í reiðufé, skráður fyrir þrjá næstu virka samningsmánuði í gulli („**undirliggjandi hrávaramið**“), sem verslað er með á Coinbase Derivatives Exchange („**kauphöllin**“). Varan er skráð, verðsett og gerð upp í USD.

„Framtíðarsamningur“ er fjármálasamningur sem skuldbindur hvorn aðila til að kaupa eða selja undirliggjandi eign samningsins, í þessu tilviki undirliggjandi hrávöru, á fyrirfram ákveðnu verði, óháð markaðsverði þeirrar undirliggjandi eignar. Hann gerir kaupandanum kleift að óðlast gnóttstöðu eða skortstöðu gagnvart verði undirliggjandi eignar án þess að þurfa að eiga eignina sjálfa.

Þú getur lagt inn pöntun fyrir vöruna í kauphöllinni í gegnum CBFSE. Kauphöllin mun leitast við að para pöntun þína við aðrar pantanir sem lagðar eru inn í kauphöllinni. Þegar pörun finnst verða viðskipti framkvæmd. Þú verður að inna af hendi upphaflega „tryggingagreiðslu“ og þú gætir einnig þurft að inna af hendi frekari tryggingagreiðslur, háð breytingum á markaðsverði undirliggjandi eignar, til þess að viðhalda stöðu þinni. Fjárhagslegt uppgjör vörunnar fer fram í reiðufé og felur ekki í sér efnislega afhendingu gulls.

Líftími:

Þú getur gert jöfnunarviðskipti til að loka stöðu sem þú hefur tekið í vörunni hvenær sem er á viðskiptatíma kauphallarinnar. Ef þú gerir ekki slík jöfnunarviðskipti rennur staðan út við lok viðskipta á síðasta viðskiptadegi viðkomandi samnings, sem er kl. 13:30 að ET-tíma þremur viðskiptadögum fyrir mánuðinn sem samningurinn rennur út (nema um sé að ræða markaðsfrídag, en í því tilviki lýkur viðskiptum á síðasta viðskiptadegi kauphallarinnar þar á undan).

Kauphöllin er opin frá föstudegi kl. 18:00 að ET-tíma til næsta föstudags kl. 17:00 að ET-tíma, með vikulegu einnar klukkustundar hléi hvern föstudag. Hægt verður að eiga viðskipti með vöruna í kauphöllinni um helgar en á laugardögum og sunnudögum mun verð ákvarðast af pöntunarbókinni. Þú mátt stofna til viðskipta eða senda inn jöfnunarstöðu hvenær sem kauphöllin er opin, þar sem gengið er til samnings þegar pöntun þín hefur verið lögð inn í gegnum CBFSE og kauphöllin hefur fundið viðeigandi pörunarviðskipti. Kauphöllin getur þó breytt eða stöðvað aðgengi að viðskiptum í samræmi við reglur er varða sanngjörn og skipuleg viðskipti, heilindi og stöðugleika kauphallarinnar og aðrar reglur um markaðseftirlit og íhlutun.

Markmið:

Markmið vörunnar er að skapa eða verja stöðu í undirliggjandi hrávöru og fylgja náið markaðsverði undirliggjandi hrávöru. Viðskipti með vöruna fara fram með tryggingarfé og krefjast þess að kaupandi viðhaldi nægu tryggingarfé; ef tryggingarkröfur eru ekki uppfylltar má loka stöðum sjálfkrafa án fyrirvara á gildandi markaðsverði, sem kann að vera óhagstætt. Þetta veitir kaupanda möguleika á að hafa skuldsetta gnóttstöðu eða skortstöðu gagnvart verðhreyfingum undirliggjandi hrávöru þannig að kaupandinn geti stýrt áhættu, átt viðskipti með tryggingarfé eða stundað spákaupmennsku með verði undirliggjandi hrávöru. Þú getur lagt fram pöntun án tilgreinds verðs, með tilgreindu hámarks- eða lágmarksverði og/eða stöðvunarpöntun sem, þegar hún hefur verið samþykkt, leiðir til þess að pöntun er lögð inn ef verðið jafngildir því gildi sem þú tilgreinir.

Samningsstærðin er 1 troyesúnsa af undirliggjandi hrávöru, með lágmarksverðþrepi upp á 0,10 USD á hverja troyesúnsu (þ.e. 0,10 USD á hvern samning). Varan er gerð upp í reiðufé miðað við gildi viðmiðunarverðs á uppgjörstíma sem endurspeglar verð undirliggjandi hrávöru í USD.

Ætlaður almennur fjárfestir:

Varan er ekki hönnuð til markaðssetningar gagnvart tiltekinni tegund viðskiptavina eða til að uppfylla tiltekin fjárfestingarmarkmið eða fjárfestingarstefnu, en þetta er flókin vara og hentar líklega eingöngu reyndari, færari og fróðari viðskiptavinum. Almennir fjárfestar ættu að hafa skilning á framtíðarsamningum og hrávörutengdum afleiðum og vera kunnugir eiginleikum og áhættu vörunnar til þess að geta tekið upplýsta ákvörðun um þessi vara hæfi þörfum þeirra eða ekki.

Hver er áhættan og hverju gæti ég átt von á?



Hægt er að halda vörunni til skamms, meðallangs eða langs tíma.

Samantekinn áhættuvísir er leiðarvísir um áhættustig þessarar vöru í samanburði við aðrar vörur. Þetta sýnir hversu líklegt er að tap verði á vörunni vegna hreyfinga á mörkuðum eða vegna þess að við getum ekki greitt þér.

Við höfum flokkað þessa vöru sem 7 af 7, sem er hæsti áhættuflokkurinn. Þetta metur hugsanlegt tap vegna framtíðarárangurs sem mjög mikið. Varan er áhættusöm fjárfestingarvara.

Vertu meðvitað/meðvitaður um gjaldeyrisáhættu. Þú munt fá greiðslur í öðrum gjaldmiðli, þannig að endanleg ávöxtun sem þú færð fer eftir gengi gjaldmiðlanna tveggja. Þessi áhætta er ekki tekin til greina í vísinum hér að ofan.

Sveiflur í markaðsverði og viðskiptaveltu undirliggjandi hrávöru geta haft neikvæð áhrif á verðmæti vörunnar þar sem þær endurspeglar markaðsvirði samsvarandi undirliggjandi eignar. Markaðsverð undirliggjandi hrávöru kann síðan að vera háð verulegum sveiflum.

Í sumum tilvikum gætir þú þurft að inna af hendi greiðslur til að bæta fyrir tap. Heildartapið sem þú gætir orðið fyrir gæti verið verulegt.

Varan veitir enga vernd gegn framtíðarþróun markaða þannig að þú gætir orðið fyrir verulegu tapi, eða jafnvel tapað allri fjárfestingu þinni og hvers kyns tryggingu / tryggingarfé sem þú leggur fram til að halda stöðunni opinni.

Ef við getum ekki greitt þér það sem þér ber, gætir þú orðið fyrir verulegu tapi.

Árangurssviðsmyndir


Hvað þú færð út úr þessari vöru veltur á markaðsþróun í framtíðinni. Markaðsþróun í framtíðinni er óviss og ekki hægt að spá fyrir um hana með nákvæmni.

Þetta graf sýnir hvernig fjárfesting þín gæti þróast. Þú getur borið það saman við árangursgröf annarra afleiða.

Grafið sem hér er sýnt gefur til kynna ýmsar mögulegar útkomur og er ekki nákvæm vísbending um hvað þú gætir fengið til baka. Það sem þú færð er breytilegt eftir því hvernig verð undirliggjandi hrávöru þróast. Fyrir hvert gildi undirliggjandi hrávöru sýnir grafið hver hagnaður eða tap vörunnar yrði. Lárétti ásinn sýnir ýmis möguleg verð á undirliggjandi vöru við uppgjör og lóðrétti ásinn sýnir hagnað eða tap.

Að kaupa þessa vöru þýðir að þú telur að verð undirliggjandi hrávöru muni hækka.

Hámarkstap þitt yrði að tapa allri fjárfestingu þinni.



Hvað gerist ef Coinbase getur ekki greitt út?

Þú ert útsett/ur fyrir hugsanlegu greiðsluþroti kauphallarinnar. Ef kauphöllin uppfyllir ekki skuldbindingar sínar samkvæmt vörunni, greiðir ekki eða er ófær um að greiða, gætir þú tapað hluta eða öllu fjárfestu fé þínu. Ef kauphöllin getur ekki staðið við fjárhagslegar

skuldbindingar sínar gagnvart þér gæti það valdið því að þú tapir verðmæti allra opinna staða í vörunni sem þú ert með. CBFSE aðgreinir fiat-fjármuni þína frá eigin fjármunum í samræmi við reglur CySEC um verndun fjármuna viðskiptavina. Komi til greiðsluþrots kauphallarinnar er fjárfesting þín tryggð af tryggingasjóði fjárfesta, sem tryggir gjaldgengar fjárfestingar að hámarki 20.000 evrur eða 90% af fjárhæð kröfunnar, hvort sem lægra er, á hvern einstakling. Sjá <https://www.cysec.gov.cy/en-GB/investor-protection/tae/>.

Hver er kostnaðurinn?

Kostnaður yfir tíma

Töflurnar sýna þær fjárhæðir sem greiða þarf til að standa straum af mismunandi tegundum kostnaðar. Þessar fjárhæðir ráðast af undirliggjandi verðmæti, hversu lengi þú heldur vörunni og hversu vel vörunni vegnar. Fjárhæðirnar sem hér eru sýndar eru til skýringar og byggjast á dæmi um undirliggjandi verðmæti.

Varðandi sundurliðun kostnaðar í töflunum hér að neðan höfum við gert ráð fyrir: (i) að þú verðir hvorki fyrir hagnaði né tapi (0% árleg ávöxtun); og (ii) undirliggjandi verðmæti upp á 10.000 USD.

	Ef þú lokar eftir 1 dag
Heildarkostnaður	4,30 USD
Kostnaðaráhrif (*)	0,04%

* Þetta sýnir áhrif kostnaðar á eignarhaldstímabili sem er skemmra en eitt ár. Þetta hlutfall er ekki hægt að bera beint saman við tölur um kostnaðaráhrif sem gefnar eru upp fyrir aðrar vörur.

Samsetning kostnaðar

			Ef þú lokar eftir 1 dag
Einskiptiskostnaður við inngöngu eða útgöngu	Inngöngukostnaður	Viðskiptagjald sem tekið er í hvert sinn sem þú opnar viðskipti.	USD \$2,15 * 0,02%
	Kostnaður við útgöngu	Viðskiptagjald sem tekið er í hvert sinn sem þú lokar viðskiptum.	USD \$2,15 * 0,02%
Áframhaldandi kostnaður sem innheimtur er árlega	Stjórnunargjöld og annar stjórnunar- eða rekstrarkostnaður	Það er enginn áframhaldandi kostnaður vegna vörunnar.	USD \$0,00 0,00%
	Viðskiptakostnaður	Það er enginn áframhaldandi kostnaður vegna vörunnar.	USD \$0,00 0,00%
Tilfallandi kostnaður sem fellur til við tiltekin skilyrði	Árangursþóknun	Engin árangursþóknun er tekin fyrir vöruna.	USD \$0,00 0,00%

Mismunandi kostnaður á við eftir undirliggjandi verðmæti. Viðskiptagjöld eru 2 grunnpunktar af undirliggjandi verðmæti auk \$0,15 gjalds fyrir hver viðskipti, þar sem \$0,15 gjaldið felur í sér eftirlitsgjald sem NFA leggur á (\$0,02), kauphallargjald (\$0,10) og uppgjörsgjald (\$0,03). Við opnun \$10.000 stöðu væri gjaldið \$2,15 (0,0002 * \$10.000 + \$0,15).

* Þessi kostnaður er sýnidæmi og getur tekið breytingum í framtíðinni. Fyrir nákvæmar verðupplýsingar skaltu skoða [coinbase.com/cbfse](https://www.coinbase.com/cbfse).

Hversu lengi ætti ég að halda vörunni og get ég tekið fé út snemma?

Enginn ráðlagður eignarhaldstími er til fyrir þessa vöru. Þú getur haldið vörunni þar til þú tekur jöfnunarstöðu eða valið að loka stöðu þinni á hvaða viðskiptadegi sem er á viðskiptatíma kauphallarinnar, háð markaðsaðstæðum. Ef þú stofnar ekki til jöfnunarstöðu mun varan falla úr gildi í samræmi við skilmálana sem lýst er hér að ofan. Hvort þú velur að loka stöðu þinni fer eftir fjárfestingarstefnu þinni og áhættusniði.

Hvernig get ég kvartað?

Ef þú hefur kvartanir varðandi vöruna, framkomu Coinbase eða þess aðila sem veitir ráðgjöf um eða selur þessa vöru skaltu hafa samband með pósti eða tölvupósti:

Póstfang: 67 Franklin Roosevelt Avenue, Lima Carna, Flat 101, 3011, Limassol, Cyprus
Á netinu: Vinsamlegast farðu á <https://help.coinbase.com/en-gb/contact-us/submit-a-complaint>

Við munum þá vinna úr kvörtun þinni og svara þér eins fljótt og auðið er. Yfirlit yfir verklagsreglur okkar um meðferð kvartana er aðgengilegt á netinu á www.coinbase.com/cbfse. Ef þú ert ekki sátt/ur við lokasvar okkar við kvörtun þinni getur þú haft samband við Fjármálaumboðsmann Kýpur (Financial Ombudsman of the Republic of Cyprus), 15 Kypranoros, 1061 Nicosia eða pósthólf 26722, 1647 Nicosia eða með tölvupósti til complaints@financialombudsman.gov.cy.

Aðrar viðeigandi upplýsingar

Coinbase er reiðubúið til að ræða skilmála tilboðsins og mun veita allar viðbótarupplýsingar, að því marki sem fyrirtækið býr yfir þeim eða getur aflað þeirra án óhóflegrar fyrirhafnar eða kostnaðar, sem nauðsynlegar eru til að staðfesta viðeigandi upplýsingar. Heildarskilmála vörunnar er að finna á www.coinbase.com/cbfse.

Þetta skjal hefur verið útbúið til að uppfylla reglugerð (ESB) nr. 1286/2014 („PRIIPs-reglugerðin“), með því að innihalda upplýsingar sem byggjast á aðferðafræði sem mælt er fyrir um í PRIIPs-reglugerðinni.